



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 132/204
komudagur 28.11.2005

Félagsmálanefnd Alþingis,
b.t. Nefndasviðs,
Alþingi,
101 Reykjavík.

Kópavogi 24. nóvember 2005

Umsögn um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 236. mál, EES-reglur, lækna- í starfsnámi.

Læknafélag Íslands (LÍ) þakkar fyrir að fá umrætt frumvarp til umsagnar.

LÍ hefur áður gefið félagsmálaráðherra umsögn um drög að frumvarpi um sama efni með bréfi dags. 27. september 2005. Þar segir:

“LÍ sýnist að frumvarpið, ef að lögum verður, muni fella vinnutíma lækna í starfsnámi að gildandi tilskipunum EB um sama efni eins og fram kemur í 3. gr. frumvarpsins.

Læknafélag Íslands styður framkomin frumvarpsdrög.”

Í þeim drögum, sem vísað er hér til stóð í 2. gr.:

“Hlutaðeigandi samtök aðila vinnumarkaðarins skulu hafa samráð um tilhögun vinnutíma lækna í starfsnámi á aðlögunartímabilinu.”

Í því frumvarpi, sem nú er til umsagnar, kemur í sama stað:

“Vinnuveitandi skal hafa samráð við fulltrúa starfsmanna með góðum fyrirvara með það í huga að ná samkomulagi, þar sem því verður við komið, um tilhögun vinnutíma á aðlögunartímabilinu. Hlutaðeigandi aðilum vinnumarkaðarins er jafnframt heimilt að gera með sér samkomulag um tilhögun vinnutíma lækna í starfsnámi á aðlögunartímabilinu.”

Þar sem sú breyting, sem hér er gerð tillaga um, felur ekki í sér undanþágur frá ákvæðum tilskipana EB um hámarksvinnutíma lækna í starfsnámi og aðlögun að þeim og gefur enn fremur frekari möguleika á að samkomulag geti tekist um þá framkvæmd, styður Læknafélag Íslands fyrirleggjandi frumvarp.

Virðingarfyllst f.h. stjórnar LÍ,

Sigurbjörn Sveinsson, formaður.